

REGLUR

um umgengni og frágang grafreita í Selfosskirkjugarði.

1. Markmið þessara reglna er að tryggja að legsteinar séu settir niður á grafreiti með samræmdum og skipulögðum hætti. Jafnframt setja reglur þessar stærð og afmörkun minnismerkja á grafreitum ákveðnar skorður.
2. Reglurnar gilda um umgengni í kirkjugarði Selfoss og um frágang á grafreitum og duftreitum.
3. Öllum er heimill aðgangur að kirkjugarðinum á opnunartíma hans svo framarlega sem reglum þessum og almennum umgengnisreglum sé fylgt. Ekki er þó heimilt að taka með sér hunda, hesta eða önnur dýr inn í garðinn.
4. Opnunartími kirkjugarðsins er frá kl. 07-21 alla daga ársins. Á opnunartíma er umferð vélknúinna ökutækja leyfð ef um erindisakstur er að ræða.
5. Hámarkshraði ökutækja er 20 km/klst.
6. Enginn má vinna í kirkjugarðinum gegn gjaldi nema með leyfi kirkjuvarðar. Vinna í garðinum er óheimil á eftirfarandi helgidögum; föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag og nýársdag.
7. Umgengni um garðinn og einstaka grafreiti skal vera til fyrirmyndar og varast ber að skilja eftir rusl, jurtaleifar, mold eða nokkuð annað sem óþrýði eða óþægindum getur valdið, heldur setja í ruslagáma á athafnasvæði eða þar sem kirkjuvörður hefur gefið fyrirmæli um.
8. Aðstandendur skulu hafa samband við kirkjuvörð áður en gengið er frá grafreit og minnismerki. Uppsetning minnismerkja er á ábyrgð aðstandenda sem og endanlegur frágangur grafreita. Starfsmenn kirkjugarðsins sjá um að slétta grafreit og tyrfa u.þ.b. ári eftir greftrun og er það gert án sérstaks endurgjalds.
9. Óheimilt er að fjarlægja minnismerki eða aðra varanlega hluti af grafreit án leyfis kirkjuvarðar.
10. Umsjónarmenn kirkjugarðsins bera ekki skaðabótaskyldu ef minnismerki eða annað sem á grafstæði kann að vera skemmist eða ónýtt af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.
11. Ekki er leyfilegt að setja upp girðingar úr málm, steini, timbri eða öðrum efnum, umhverfis einstaka grafreiti eða fjölskyldugrafreiti.
12. *Um kistugrafreiti gildir:* Kistugrafreitir eru 2,5 x 1,2 m að ummáli. Ekki er mælt með sérstakri afmörkun grafreita, nema þá röð af hellum, náttúrusteini eða sambærilegu. Kjósi aðstandendur að hafa sérstaka afmörkun um grafreit, skal efri brún hellu eða steins vera í sömu hæð og jarðvegisyfirborð. Afmörkunin má ekki taka yfir nema 1/3 hluta grafreitar. Legsteinar, önnur minnismerki og undirstöður þeirra skulu ávallt vera innan fyrrgreindra marka. Hámarksbreidd legsteins á einföldum grafreit er 0,8 m og 1,8 m þegar legsteinn nær yfir 2 grafreiti. Hámarkshæð legsteins frá yfirborði jarðvegs er 1,7 m. Tryggja skal undirstöður undir legsteina og skylt er að jarðvegsskipta að lágmarki 0,6 m undir undirstöðu. Hámarkshæð trékrossa á kistugrafreit er 1,3 m frá jörðu.
13. *Um duftgrafreiti gildir:* Duftgrafreitir eru 0,75 x 0,75 m að ummáli og er ekki gert ráð fyrir afmörkun um þá, nema þá röð af hellum, náttúrusteini eða sambærilegu, sem er í sömu hæð og jarðvegisyfirborð. Á duftgrafreitum mega legsteinar einungis vera púltsteinar, 0,5 x 0,4 x 0,2 / 0,1 m að stærð (l x b x h), en þeir liggja láréttir á jörðu með skáhallandi leturfleti. Hámarkshæð trékrossa á duftgrafreiti er 0,3 m frá jörðu. Tryggja skal undirstöðu undir púltlegstein.
14. Ekki er heimilt að planta trjám og hávöxnum runnum á grafreiti. Gróður má ekki ná út fyrir grafreit og því má ekki gróðursetja skriðula fjölæringa eða runna sem geta fjölgað sér með sjálfsáningu eða rötarskoti.
15. Heimilt er að koma fyrir duftkeri í kistugrafreit.
16. Þegar ekki hefur verið hirt um grafreit samfellt í 3 ár er kirkjuverði heimilt að gera ráðstafanir þar að lútandi, t.d. með því að tyrfa grafreit.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt tillögum kirkjugarðsstjórnar Selfosssóknar með heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, 23. mars 2010.

F. h. r.

Þórunn J. Hafstein.

Hjalti Zóphóniasson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2010